



Sveitarfélagið Fjallabyggð  
b.t. bæjarstjórnar

Sauðárkróki, 1. mars 2023

## Efni: Þátttaka í verkefni um aðlögun sveitarfélaga vegna loftslagsbreytinga

**Sveitarfélaginu Fjallabyggð er hér með boðin þátttaka í samstarfs- og þróunarverkefni sem snýr að aðlögun sveitarfélaga að loftslagsbreytingum. Viðfangsefni Fjallabyggðar yrði ágangur sjávar vegna hækkandi yfirborðs sjávar.**

Áhrifa loftslagsbreytinga er farið að gæta í sífellt meira mæli og ljóst að þau verða okkur áskorun til framtíðar. Sveitarfélög þurfa að fara að búa sig undir breyttan heim og undirbúa sig undir þær áskoranir sem fylgja breyttu loftslagi. Þetta á sérstaklega við þegar kemur að skipulagsmálum, fjárfestingum og uppbyggingu, styrkingu innviða og félagslegra kerfa.

Í nágildandi byggðaaætlun 2022-2026 hefur sérstök aðgerð sem snýr að mótun heildstæðrar nálgunar íslenskra sveitarfélaga að aðlögun að loftslagsbreytingum verið skilgreind (aðgerð C.10.). Aðgerðin er á ábyrgð Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og er framkvæmd í samstarfi við Byggðastofnun, Skipulagsstofnun og skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands. Saman skipa fulltrúar fyrrnefndra stofnana framkvæmdateymi verkefnisins.

Tilgangur verkefnisins er eftirfarandi:

- Að hámarka aðlögunargetu íslenskra sveitarfélaga gagnvart neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og lágmarka um leið efnahagslegt tjón og neikvæð áhrif á íslenskar byggðir, samfélög og byggðapróun.
- Að greina þarfir íslenskra sveitarfélaga þegar kemur að gerð aðlögunaráætlana, sem og helstu hindranir og áskoranir sem þau standa frammi fyrir í þeirri vinnu. Svo sem áskoranir er snúa að samskiptum við helstu fagstofnanir og hlutverkaskiptingu aðila þegar kemur að mótun aðlögunaraðgerða.
- Að veita fulltrúum sveitarfélaga leiðbeiningar til mótunar aðlögunaraðgerða og aðlögunaráætlana vegna áhrifa loftslagsbreytinga í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum<sup>1</sup> og stefnumótandi byggðaaætlun 2022-2036<sup>2</sup>.
- Að auka þekkingu sveitarstjórnafulltrúa á Íslandi á áhrifum loftslagsbreytinga og afleiðingum þeirra og þar með getu sveitarfélaga til að grípa til nauðsynlegra aðlögunaraðgerða.
- Að leiða saman viðeigandi ráðuneyti og stofnanir innan málaflokksins og leggja þannig grunn að þverfaglegu samstarfi samstarfi og samtali á sviði loftslagsmála, þá ekki síst aðlögunar.

Meginafurðir verkefnisins eru þrjár:

- Aðferðafræði til mótunar aðlögunaraðgerða;
- Leiðarvísir fyrir íslensk sveitarfélög til mótunar aðlögunaraðgerða og aðlögunaráætlana;
- Aðlögunarpakkar fyrir þátttökusveitarfélögin fimm, byggt á þeim greiningum sem framkvæmdar verða innan verkefnisins.

<sup>1</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/l\\_ljosi\\_loftslagsvar.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/l_ljosi_loftslagsvar.pdf)

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>



Á grundvelli aðgerðarinnar var óskað eftir þátttöku íslenskra sveitarfélaga í verkefninu og var bréf þess efnis sent til fulltrúa allra sveitarfélaga á Íslandi í lok árs 2022. Gert var ráð fyrir að 4-5 sveitarfélög yrðu valin til þess að vinna náið með sérfræðingum fyrrnefndra stofnana að því að þróa aðferðafræðina og móta aðlögunaraðgerðir innan sveitarfélaganna. Ellefu sveitarfélög sóttust eftir þátttöku og hefur nú verið samþykkt að bjóða fimm þeirra þátttöku. Þáttökusveitarfélögin voru valin með það fyrir augum að verkefnið myndi spanna sem fjölbreyttastan hóp íslenskra sveitarfélaga m.t.t. stærðar, staðsetningar, lykilatvinnugreina og loftslagstengdra áskorana.

**Sveitarfélagið Fjallabyggð varð fyrir valinu vegna sérstöðu þess þegar kemur að áskorunum er tengjast hækkandi yfirborði sjávar og mögulegum afleiðingum fyrir íbúabyggð, atvinnuhúsnæði og hafnarmannvirki.**

Fjallabyggð er eitt þriggja sveitarfélaga sem boðin er þátttaka í verkefninu úr frá svokallaðri *þröngri nálgun*. Þar er áhersla lögð á aðlögunarþörf og aðgerðir með tilliti til einnar sértækrar afleiðingar loftslagsbreytinga. Nánari upplýsingar um þrönga og víða nálgun er að finna hér að neðan.

Undirrituð hefur haft samband við fulltrúa sveitarfélagsins í valferlinu, tilkynnt um valið, kynnt verkefnið og drög að verkáætlun fyrir sveitarfélagið. Samþykki sveitarfélagið þátttöku í verkefninu mun samstarfssamningur vera sendur til formlegrar undirritunar sveitarstjórnar.

Með von um jákvæð viðbrögð og farsælt samstarf,

F.h. framkvæmdateymis C.10,

Ragnhildur Friðriksdóttir, verkefnisstjóri



## Þröng nálgun

*Þröng nálgun* (e. narrow scope) er valin þegar meginmarkmiðið er að draga úr áhættu tengdri tiltekinni loftslagstengdri náttúruvá eða hamfaraatburði, s.s. sjávarflóðum, gróðureldum eða aurskriðum. Í þröngri nálgun er því sú loftslagstengda ógn sem sveitarfélaginu stafar hvað mest ógn af rýnd, áhættugreining framkvæmd og aðlögunaraðgerðir mótaðar sem miða að því að lágmarka líkurnar á að atburðurinn eigi sér stað og/eða lágmarka neikvæð áhrif hans. Dæmi um slíkar aðlögunaraðgerðir væru uppbygging sjávarvarnargarða (í tilfelli sjávarflóða), skipulag flóttaleiða í skógarsvæðum (í tilfelli skógarelda) og endurskipulagning fráveitukerfis (í tilfelli öfgaúrkomu eða sjávarflóða). Þröng nálgun leggur ríka áherslu á að greina hvernig loftslagsbreytingar koma til með að hafa áhrif á eðli og umfang þeirra náttúruhamfara sem þegar eru til staðar. Hún gefur tækifæri til ítarlegrar rýni á áhættugreiningu, gagnasöfnun og úrvinnslu og gerð aðgerðaráætlunar. Hún miðar einnig að því að gefa skýra yfirsýn yfir ábyrgð og hlutverkaskiptingu þegar kemur að tiltekinni vá. Þröng nálgun gerir því umrætt sveitarfélag betur í stakk búið til að takast á við breytt eðli þeirrar vár sem sveitarfélagið hefur áður þurft að mæta, dregur úr líkum á að hún muni eiga sér stað og/eða dregur úr neikvæðum áhrifum hennar.

## Víð nálgun

Í víðri nálgun takmarkast vinnan ekki við áhrif tiltekins atburðar eða hamfara og beinar afleiðingar hans og er því talsvert umfangsmeiri en þröng nálgun. Hér er heilstæðari nálgun beitt á áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi, efnahagslega- og samfélagslega þætti sveitarfélagsins. Leitast er við að meta áhrif loftslagsbreytinga á alla þætti sem snerta samfélagið, allt frá innviðum að lýðheilsu til landnotkunar. Til þess þarf að meta hvar helstu áhrifa loftslagsbreytinga gætir, hverjar helstu hættur eru og hvar þær komi helst til með hafa áhrif. Sveitafélög sem hefja slíka vinnu þurfa því að taka fyrir helstu loftslagstengdu vá sem steðja að sveitarfélaginu, gera áhættumat fyrir hverja þeirra og vinna svo matið áfram á alla helstu þætti sem snerta samfélagið, s.s. atvinnugreinar og atvinnulíf, innviði og byggð, útivistarsvæði og lýðheilsu. Út úr slíkri vinnu kemur heilstæð aðlögunaráætlun sveitarfélagsins með fjölda aðgerða sem snerta á öllum helstu þáttum sveitarfélagsins. Saman miða þessar aðgerðir að því að gera sveitarfélagið og íbúa þess betur í stakk búna til að takast á við neikvæðar afleiðingar loftslagsbreytinga á öllum helstu vígstöðvum. Í samanburði við þrönga nálgun getur víð nálgun verið tekin á kostnað á þeim mun ítarlegri greiningum á tilteknum náttúruhamförum, en á móti kemur ná niðurstöðurnar víðrar nálgunar til fleiri þátta sveitarfélagsins sem vel get gleymst í þröngri nálgun óháð mikilvægi þeirra fyrir samfélagið.